



Sælir kæru sveitarstjórar

Eins og ykkur er kunnugt um er Bjarmahlíð þolendamiðstöð fjármögnuð með tímabundnu framlagi á hverju ári frá fjárlaganefnd sem ég sækir stíft á hverju ári fyrir hönd úrræðisins. Í fyrra fengum við framlag að fjárhæð 16 milljónir króna frá Alþingi með tillögu fjárlaganefndar. Að öðru leyti erum við svo algerlega háð styrkjum frá sveitarfélögum og félagasamtökum til þess að ná endum saman í rekstrinum. Í fyrra leitaði ég formlega til ykkar eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2025 og geri það sama nú. Þetta eru ekki háar fjárhæðir en skipta sköpum í rekstri Bjarmahlíðar þannig að hægt sé að reka starfsemina með tveimur starfsmönnum a.m.k. í hlutastarfi.

Líkt og í fyrra sendi ég ykkur hér með tillögu af hálfu Bjarmahlíðar um framlag sveitarfélaga í umdæmi Lögreglustjórans á Norðurlandi eystra fyrir rekstri þolendamiðstöðvarinnar fyrir árið 2026. Eins og í fyrra leggjum við til þrískipt framlag, sveitarfélög undir 1000 íbúum myndi einn flokkinn, sveitarfélög með 1000-5000 myndi næsta og svo sveitarfélög með 15.000 íbúa eða fleiri. Það komu upp gagnrýnisraddir á þessa skiptingu og við vorum beðin um að endurskoða skiptinguna með tillit til íbúafjölda. Við skoðuðum því stöðuna og leggjum til breytta tillögu þannig að sveitarfélögin með undir 1000 íbúa greiði 400.000.- kr. í stað 200.000.- kr. líkt og í fyrra. Það er auðvitað alltaf einhver grunnkostnaður sem þarf að standa skil á við reksturinn áður en tillit er tekið til meðaltals þjónustu á íbúa.

Við leggjum til eftirfarandi skiptingu:

Undir 1000 íbúum	:	400.000.- kr.
1000-5000 íbúar	:	600.000.- kr.
Yfir 15.000 íbúar	:	5.000.000.- kr.

Tillagan er sambærileg þeirri sem þið fenguð í fyrra en öll sveitarfélögin urðu við henni nema Tjörneshreppur. Vonandi getur Tjörneshreppur tekið þátt í þessu með okkur fyrir næsta ár. Þessi þjónusta er afar mikilvæg fyrir íbúana og það vill enginn vera án hennar. Bjarmahlíð sinnir líka unga fólkinu 16-18 ára og fer með forvarnarstarf inn í skólana eins og kostur er.

Líkt og þið sjáið á neðangreindri töflu leggjum við til eins og áður að framlag Akureyrarbæjar í formi húsnæðis og framlag starfsmanns í framkvæmdaráði verði dregið frá útreiknuðu framlagi. Ef fallist verður á þetta þá lítur þetta svona út sem myndi þýða að Bjarmahlíð fengi 7 milljónir til rekstrar. Það er gríðarlega mikilvægt líkt og ég hef útskýrt fyrir ykkur og myndi tryggja starfsmann í 50% starf svo að hægt sé að tryggja öryggi og samfellu í starfseminni enda starfsemi með einum starfsmanni afar veikburða.

LANGANESBYGGÐ

Byggðaráð, 45. fundur, 20.11.2025



	Sveitarfélag	Framlag	framlag í formi húsnæðis ofl.	til greiðslu 2026
1.	Akureyrarbær	5.000.000	3.000.000	2.000.000
2.	Dalvíkurbyggð	600.000		600.000
3.	Eyjafjarðarsveit	600.000		600.000
4.	Fjallabyggð	600.000		600.000
5.	Norðurping	600.000		600.000
6.	Þingeyjarsveit	600.000		600.000
7.	Grýtubakkahreppur	400.000		400.000
8.	Hörgársveit	400.000		400.000
9.	Langanesbyggð	400.000		400.000
10.	Svalbarðsstrandahreppur	400.000		400.000
11.	Tjörneshreppur	400.000		400.000
	Samtals:	10.000.000		7.000.000

Ég vona að þið getið tekið tillit til þessa fyrir næsta fjárhagsár.
Bestu kveðjur, Páley

Páley Borgþórsdóttir

Lögreglustjóri
Yfirstjórn LNE

pb02@logreglan.is

**Lögreglustjórinn á
Norðurlandi eystra**

Þórunnarstræti 138
600 Akureyri

nordurland.eystra@logreglan.is
4442800



UM ÁBYRGÐ Á TÖLVUPÓSTI